

Reykjanesbær 1. apríl 2022

Bæjarráð Reykjanesbæ
Hr. Friðjón Einarsson
Formaður bæjarráðs

Örútbóð vegna endurskoðunar Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar

Þann 1. mars sl. var efnt til örútbóðs innan Rammasamnings RK14.21 Endurskoðun Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar. Útbóðsgögn voru send til 11 rammasamningshafa. Tilboðs frestur var til kl 10:00 fimmtudaginn 31. mars og í kjölfarið voru tilboð opnuð. Alla bárust tilboð frá 3 endurskoðunar-fyrirtækjum:

Deloitte ehf.	6.900.000 kr
Enor ehf.	5.850.000 kr
Pricewaterhouse Coopers ehf.	4.900.000 kr

Árleg kostnaðaráætlun var kr. 4.500.000

Pricewaterhouse Coopers ehf.

Upphæðir sem falla á Reykjanesbæ eru 3.900.000 kr og 1.000.000 á Reykjaneshöfn án virðisaukaskatts.

Tilboð Pricewaterhouse Coopers ehf. reyndist lægst og við skoðun og mat tilboðs uppfyllir Pricewaterhouse Coopers ehf. hæfiskröfur sem settar voru fram í útboðslýsingu.

Teymið sem Pricewaterhouse Coopers ehf. hefur sett saman fyrir Reykjanesbæ býr yfir mikilli reynslu af endurskoðun og reikningsskilum, þ.m.t. sveitarfélögum og stórum samstæðum. Áritunarendurskoðendur verða þau Ljósbrá Baldursdóttir Löggiltur endurskoðandi og Atli Þór Jóhannsson Löggiltur endurskoðandi og hafa þau víðtæka reynslu af endurskoðun sveitarfélaga, skráðra félaga og stofnana þeirra og öðrum opinberum félögum. Þjóðendur uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í útboðslýsingu og hafa áritunarendurskoðendur verið endurskoðendur Hafnarfjarðar og Kópavogs síðastliðin ár. Gert er ráð fyrir að endurskoðunarteymið samanstandi að minnsta kosti af fjórum einstaklingum, allir hafa reynslu af endurskoðun stórra sveitarfélaga (yfir 4.000 íbúar). Í teyminu verða einnig aðrir reynslumiklir sérfræðingar á sviði félaga- og skattaréttar, upplýsingatækni og reikningsskila

Það er álit okkar að Pricewaterhouse Coopers ehf. uppfylli kröfur útboðsgagna og leggjum til við bæjarstjórn að hún samþykki Pricewaterhouse Coopers ehf. sem endurskoðunarfyrirtæki Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar til næstu 5 reikningsára frá og með 2022 til 2026. Samningur verði undirritaður af bæjarstjóra að 10 daga lögbundnum kærufresti liðnum.

Virðingafyllt

Regína Fanný Guðmundsdóttir

Fjármálastjóri Reykjaneshæjar

Kristinn Þór Jakobsson
Innkaupastjóri Reykjaneshæjar